

49
20. júní

L Ö G

um

lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis
Einari Þorkelssyni.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

Fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni greiðast árlega
úr ríkissjóði 2500 krónur í lífeyri, ásamt verðstuðulsuppbót eftir ákvæðum
launalaganna, frá 1. janúar 1924 að telja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.